



Markaðsstofa Norðurlands
NORDURLAND.IS

Starf Flugklasans Air 66N 9. apríl – 30. september 2022

Hér verður gerð grein fyrir því helsta í starfi Flugklasans Air 66N undanfarna mánuði.

Markaðssetning

MN og Flugklasinn hafa lagt áherslu á að taka þátt í sem flestum vinnustofum og ferðasýningum til að tryggja að Norðurland sé áberandi og ofarlega í huga fólks þegar það hyggur á ferðalög eftir heimsfaraldurinn. Flestar þeirra eru haldnar yfir vetrarmánuðina, en þó tók Flugklasinn þátt í norrænni ráðstefnu í Helsinki (AJ) í lok ágúst og sótti vinnustofur í Bandaríkjunum í byrjun september. Einnig átti Flugklasinn fulltrúa á Vest Norden í Grænlandi og á stærstu ferðasýningu Frakklands í París (IFTM TOP RESA) seinnpartinn í september.

Almennt hafa fengist góð viðbrögð frá ferðaskrifstofum á þessum viðburðum. Áhuginn á Íslandi virðist vera til staðar sem aldrei fyrr og sífellt fleiri aðilar hafa áhuga á Norðurlandi sem áfangastað. Vonir standa til að hægt verði að virkja þennan áhuga til þess að styðja undir aukið millilandaflug beint til Akureyrar. Stærsti flöskuhálsinn fyrir ferðaskrifstofur núna er að erfitt að er að fá gistingu yfir hásumarið á vinsælustu áfangastöðunum á Norðurlandi. Það er ljóst að með auknu millilandaflugi mun eftirspurn eftir gistirými á Norðurlandi halda áfram að aukast.

Móttaka blaðamanna er nú sem fyrr mikilvægur liður í starfi Flugklasans. Hér má sjá yfirlit yfir heimsóknir blaðamanna síðustu mánuði:

- Í lok apríl kom hópur blaðamanna frá Þýskalandi í samstarfi við Íslandsstofu. Alls 6 blaðamenn – áhersla á Norðurstrandarleið og vetrarafþreyingu.
- Þýskur blaðamaður frá Welt am Sonntag kom í maí.
- Í byrjun júní komu hópar blaðamanna frá bæði Danmörku og Bretlandi í tengslum við fyrstu flugferðir Niceair á þessa markaði.
- Um miðjan júní kom áhrifavaldur á vegum Íslandsstofu og ferðaðist um Norðurland.
- Í lok september kom áhrifavaldur frá Danmörku og ferðaðist um Norðurland, samstarf við Niceair.

Flugklasinn tók virkan þátt í móttöku fulltrúa ferðaskrifstofa á tímabilinu (FAM ferðir)

- Í apríl kom hópur frá breskri ferðaskrifstofu og ferðaðist vítt og breytt um Norðurland.
- Í byrjun júní komu fulltrúar frá 5 breskum ferðaskrifstofum í tengslum við fyrsta flug Niceair.



Markaðsstofa Norðurlands
NORDURLAND.IS

Efnisframleiðsla var haldið áfram á tímabilinu og stækkaði myndabankinn um 640 myndir af ýmsu tagi. Meðal efnistaka var afþreying, náttúra, áningarstaðir Norðurstrandarleiðar og gönguleiðir.

Flugfélög/Ferðaskrifstofur

Niceair flaug sitt jómfrúarflug þann 2. júní s.l. til Kaupmanahafnar. Í tilefni af fyrsta fluginu þá hélt Flugklasinn, ásamt Íslandsstofu og Niceair, móttöku í íslenska sendiráðinu í Kaupmannahöfn fyrir danskar ferðaskrifstofur. Viðburðurinn heppnaðist vel og fulltúrar fjölmargra ferðaskrifstofa mættu og fengu kynningu á þessari nýju tengingu við Norðurland. Síðan þá hefur verið flogið tvisvar í viku milli Akureyrar og Kaupmannahafnar og stefnt að því að halda þeirri áætlun áfram. Nýting hefur verið góð og flugið gengið vel. Niceair hefur jafnframt haldið uppi vikulegu flugi frá Akureyri til Tenerife við góðan orðstýr heimafólks.

Niceair áformaði einnig að hefja flug til London í byrjun júní, en varð að fresta þeim áformum vegna leyfismála í Bretlandi. Svo virðist sem Brexit hafi flækt til muna leyfismál og aðgengi fyrir svona starfsemi. Unnið er að lausn málsins og stefnt að því að Niceair geti hafið Bretlandsflug strax á nýju ári. Einnig eru í pípunum áform um að bæta við fleiri nýjum áfangastöðum.

Flugklasinn hélt áfram góðu samstarfi við Voigt Travel á tímabilinu. Flugklasinn átti fund með ferðaskrifstofunni í lok apríl og sumaráætlun þeirra hófst svo 6. júní og er nýlokið. Flogið var samkvæmt áætlun vikulega frá Rotterdam, en nýting fluganna hefði getað verið betri þar sem heimsfaraldurinn var enn að haf áhrif á bókanir. Flugklasinn tók svo þátt í svokölluðum Winter Event á vegum Voigt Travel nú um miðjan september, þar sem birgjar á áfangastöðum Voigt Travel kynntu vörur og þjónustu fyrir viðskiptavinum ferðaskrifstofunnar. Flugklasinn nýtti tækifærið og fundaði með Voigt Travel til að fara yfir árangurinn hingað til og undirbúa framhaldið, en stefnt er að vetraráætlun til Akureyrar eins og síðasta vetur.

Flugklasinn hélt áfram samstarfi við ráðgjafann Wietse Dijkstra við ýmsa greiningarvinnu og ráðgjöf.

Flugklasinn fundaði með Svissnesku ferðaskrifstofunni Kontiki um miðjan maí til að ræða mögulegt leiguflug á þeirra vegum frá Sviss til Akureyrar. Mikill áhugi er hjá Kontiki á slíku flugi og mun Flugklasinn vinna að því verkefni áfram næstu vikur og mánuði.

Norðaustur verkefnið (e. Nature Direct), sem er samstarfsverkefni Íslandsstofu, Isavia, Markaðsstofu Norðurlands (Flugklasans) og Austurbrúar um markaðssetningu alþjóðaflugvallanna á Akureyri og Egilsstöðum, er í fullum gangi. Hlynur Atli Sigurðsson, ráðgjafi og starfsmaður verkefnisins, hefur í samstarfi við Flugklasann og Austurbrú unnið markvisst að því að finna flugfélög til þess að hefja beint millilandaflug til Akureyrar. Nú þegar hefur þýska flugfélagið Condor staðfest áætlunarflug frá Þýskalandi næsta sumar. Flogið verður frá Frankfurt frá miðjum maí og til loka október 2023. Flogið verður vikulega til



Akureyrar og vikulega til Egilsstaða, eða samtals tvisvar í viku. Viðræður eru í gangi við fleiri erlend flugfélög sem hafa sýnt raunverulegan áhuga. Flugklasinn leggur sitt á vogarskálarnar með því að kynna tækifærin sem liggja í beinu flugi til Akureyrar fyrir erlendum ferðaskrifstofum. Sem dæmi þá átti Flugklasinn, ásamt Hlyni, rafræna fundi með 10 frönskum ferðaskrifstofum í júlí. Flugklasinn náði að fylgja eftir þeim fundum með þátttöku á Top Resa í París nú í september. Vonir standa til að þessi vinna muni skila beinu áætlunarflugi í framtíðinni.

Nýlega kynnti Icelandair áform félagsins um að hefja að nýju tengiflug milli Keflavíkurflugvallar og Akureyrarflugvallar. Þessar flugferðir eiga að hefjast í mars 2023, og þegar kemur fram í júní 2023 er áætlað að í boði verði tvær ferðir á dag milli Keflavíkur og Akureyrar, alla daga – samtals 14 ferðir á viku. Ljóst er að með slíkri tíðni kemst á mjög góð tenging við þá umferð sem fer um Keflavíkurflugvöll sem þýðir ný tækifæri til sóknar fyrir ferðaþjónustu á Norðurlandi. Icelandair hefur áður starfrækt slíkt tengiflug, en ekki með jafn mikilli tíðni og nú er stefnt að. Flugklasinn hefur nú þegar verið í sambandi við nokkrar skrifstofur Icelandair erlendis, sem og Icelandair Holidays, í tengslum við kynningu á þessum nýja valkosti fyrir farþega Icelandair.

Innra starf

Flugklasinn og MN héldu ráðstefnu um flugmál á Akureyri þann 26. apríl. Þar var rætt um mikilvægi millilandaflugs beint til Akureyrar, hver staðan er í dag og hvað er fyrirsjáanlegt í náinni framtíð. Ráðstefnan tókst mjög vel og yfir 100 mættu til að taka þátt og hlýða á erindi. Upptöku frá ráðstefnunni má finna á heimasíðu MN, www.nordurland.is

Flugklasinn og MN stóðu einnig fyrir stórum vinnufundi um sjálfbærni í ferðaþjónustu þann 18. maí. Fundurinn var liður í undirbúningi að verkefni um sjálfbærni í ferðaþjónustu á Norðurlandi. Sjálfbærni er að verða sífellt mikilvægari þáttur í vali ferðamanna á áfangastöðum og því mikilvægt fyrir áfangastaðinn Norðurland að marka sér stöðu og stefnu varðandi sjálfbærni. Fundurinn tókst vel og fjöldi þátttakenda mætti til að taka þátt í vinnunni. Fengnir voru erlendir ráðgjafar til að halda utan um undirbúningsvinnu fyrir fundinn og stýra vinnu á fundinum sjálfum. Afraksturinn verður notaður til byggja undir áframhaldandi vinnu í verkefninu.

Uppbyggingin á Akureyrarflugvelli er í fullum gangi, en nú virðist orðið ljóst að nokkur seinkun muni verða á því að viðbyggingin við flugstöðina verði tilbúin. Búið er að steypa botnplötuna, en tafir á afhendingu á stálgrindinni verða til þess að sennilega verður a.m.k. 6 mánaða seinkun á þeim framkvæmdum. Það þýðir að flugstöðin verður ekki tilbúin fyrr en á fyrri hluta árs 2024. Betur gengur með flughlaðið og enn er útlit fyrir að hægt verði að klára það næsta haust eins og til stóð.



Ísavia brá á það ráð að bæta við bráðabirgða húsnæði við suðurenda núverandi flugstöðvar til þess að betur væri hægt að anna umferð um flugvöllinn þar til stækkun flugstöðvarinnar er tilbúin. Þetta léttir aðeins á, en engu að síður er mjög brýnt að framkvæmdum við flugstöðina seinki ekki meira en orðið er.

Hvað er fram undan?

Flugklasinn mun halda áfram markaðssetningu til ferðaskrifstofa. Annars vegar með því að sækja sýningar og vinnustofur sem eru framundan, og hins vegar með því að halda áfram beinni sókn á ferðaskrifstofur til að setja upp annaðhvort leiguflug eða styðja við áætlunarflug beint til Akureyrar. Almenn markaðssetning heldur einnig áfram með hefðbundnum hætti, sem og framleiðsla og birting á nýju efni.

Vinna með Niceair mun verða fyrirferðarmikil næstu mánuðina, enda mikilvægt að koma skilaboðunum um aukið aðgengi að Norðurlandi sem víðast. Vinnan með Voigt Travel heldur einnig áfram, enda eindreginn vilji þeirra að halda áfram flugi til Akureyrar.

Jafnframt mun Flugklasinn vinna áfram náið með ráðgjafa Nature Direct verkefnisins við að ná eyrum flugfélaga og kynna Akureyrarflugvöll sem spennandi valkost. Þeim samtölum og viðræðum sem þegar eru hafnar verður fylgt eftir og möguleikar kannaðir á því að para saman flugfélög og ferðaskrifstofur til þess að koma á auknu flugi.

Flugklasinn mun fylgjast með framgangi mála varðandi stækkun flugstöðvar og flughlaðs á Akureyrarflugvelli og veita aðhald þar, ásamt því að halda áfram að þrýsta á stjórnvöld til þess að koma á jöfnun/niðurgreiðslum vegna hærra verðs á flugvélaeldsneyti á Akureyri en í KEF og RVK.

Akureyri, 30. september 2022

Hjalti Páll Þórarinnsson

Verkefnastjóri Flugklasans Air 66N